



Reykjavík, 10. júní 2021

R20110242

3506

ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Dans- og fimleikahús Reykjavíkur í Efra-Breiðholti

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 8. júní 2021, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að dans- og fimleikahús með sölum fyrir dans, fimleika og aðra íþróttastarfsemi verði staðsett í hverfismiðjunni við Austurberg, samkvæmt tillögum að nýju hverfisskipulagi fyrir Efra-Breiðholt, sbr. meðfylgjandi minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs og tillögu að hverfaskipulagi Breiðholts. Umhverfis- og skipulagssviði og ÍTR verði falið að vinna að þarfagreiningu fyrir dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti í samráði við fimleikadeild ÍR, dansskóla með starfsemi í hverfinu, félag dansara og íbúaráð Breiðholts. Þá taki skrifstofa borgarstjóra og borgarritara upp viðræður við Fjölbautaskólann í Breiðholti varðandi möguleika á að skólinn verði með danstengt nám sem nýti sér dans- og fimleikahúsið.

Það tilkynnist hér með.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Dans- og fimleikahús í Breiðholti raðaðist ofarlega í forgangs röðun íþróttastefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði sl. haust. Borgarráð samþykkti 19. nóvember sl. að umhverfis- og skipulagssviði og ÍTR verði falið að vinna að þarfagreiningu fyrir dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti í samráði við fimleikadeild ÍR, dansskóla með starfsemi í hverfinu, félag dansara og íbúaráð Breiðholts.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst dans- og fimleikahús góð hugmynd enda þótt eigi eftir

að útfæra hlutverk hússins. Það skýtur nokkuð skökku við að Leiknir skuli ekki koma þarna að en þeir hafa aðsetur í götunni sem húsið á að standa. Ef horft er til Leiknis þá hefur ekki komið nægjanlega vel fram við Leikni, félag sem berst í bökkum í hverfi sem er krefjandi vegna þess að þar er hæsta hlutfall fólks sem býr við fátækt. Illa hefur gengið að virkja börnin til þátttöku í íþróttir og tómstundir m.a. vegna tungumálaerfiðleika og kannski einnig vegna strangra skilyrða reglna frístundakortsins. Leiknir hefur lengi viljað víkka út starfsemi sína. Í raun lifir félagið vegna þrautseigju starfsmanna. Með því að hleypa ekki Leikni að þessu verkefni er verið að senda því köld skilaboð eftir allt það frábæra starf sem þar hefur verið frá 1973. Þarna er búið að byggja upp frábæra menningu og starf í þágu innflytjenda og nýbúa í hverfinu. Leiknir er sérlega vel metið í hverfinu og kallar það á að borgaryfirvöld sýni því viðhlítandi virðingu og stuðning. Félagið vantar aðstöðu til að geta boðið uppá fjölbreyttara íþróttastarf til að höfða til breiðari hóps barna í því blómstrandi fjölmeningarsamfélagi sem það starfar í.



Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Umhverfis- og skipulagssvið

Íþrótt- og tómstundasvið